



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

6. október 2011

Stjórnvaldssekt vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti

Þann 14. september 2011 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Bakkavör Group hf. (nú Bakkavör Group ehf.) vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.).

Málavextir eru í stuttu máli þeir að Fjármálaeftirlitið taldi að Bakkavör Group hf. (hér eftir Bakkavör eða félagið) hefði með tvennum hætti brugðist upplýsingaskyldu sinni samkvæmt lögum og reglum um verðbréfavíðskipti. Í fyrsta lagi birti félagið ekki upplýsingar um þá ákvörðun þess að hefja umleitan um nauðasamning, þegar stuðningur við þá ákvörðun lá fyrir að kvöldi 17. janúar 2010, í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. Bakkavör birti fyrst opinberlega upplýsingar um þessa ákvörðun þann 18. janúar 2010 kl. 08:42 eftir að upplýsingar þess efnis höfðu birst í fjölmiðlum fyrir um morguninn. Í öðru lagi birti félagið ekki innherjaupplýsingar sem fram komu í frumvarpi að nauðasamningnum, þ.e. upplýsingar um skiptiverð skuldabréfa í hlutabréf og upplýsingar um vaxtakjör við kröfuhafa félagsins, í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl.

Í svörum Bakkavarar til Fjármálaeftirlitsins kom m.a. fram að félagið væri þeirrar skoðunar að nauðasamningsfrumvarpið hefði ekki orðið að verðmótandi upplýsingum fyrir en félagið gat framfylgt því með því að senda það til dómstóla, þ.e. þegar 25% stuðningur við það hafði náðst. Nauðasamningsfrumvarpið hefði því engin áhrif haft þar til félagið var í stöðu til að framfylgja því sem var seint að kvöldi sunnudagsins 17. janúar 2010, þegar 25% stuðningur lá fyrir. Félagið féllst á að á þessum tíma hefðu legið fyrir innherjaupplýsingar í félaginu. Tilkynning hafi verið send til kauphallar fyrir opnun markaða mánudaginn 18. janúar 2010. Í ljósi þessa teldi Bakkavör að tilkynningarskylda vegna ákvörðunar um að hefja umleitan um nauðasamninga hefði ekki stofnast fyrir en að kvöldi sunnudags 17. janúar 2010. Bakkavör kvaðst telja að krafa um að félagið hefði átt að senda inn tilkynningu fyrir en gert var væri óviðeigandi, þar sem engin víðskipti hefðu getað átt sér stað með hlutabréf félagsins á þeim fáu klukkustundum sem eftir voru af kvöldi sunnudags fram að mánudagsmorgni.

Fjármálaeftirlitið féllst ekki á sjónarmið félagsins þess efnis að ekki hefði verið nauðsynlegt að opinbera upplýsingar um ákvörðunina fyrir en gert var. Í 1. mgr. 122. gr. vvl. felst að útgefanda ber að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Fjármálaeftirlitið telur að ákvörðun um að leita eftir heimild til nauðasamninga falli undir 120. gr. vvl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005. Fjármálaeftirlitið taldi að Bakkavör hafi borið að birta upplýsingarnar, í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl., um leið og tilkynningarskyldan varð virk að kvöldi 17. janúar 2010. Fjármálaeftirlitið féllst því ekki á rök félagsins, sérstaklega í ljósi þess að upplýsingar um ákvörðunina birtust fyrst í fjölmiðlum áður en félagið hafði birt upplýsingar um ákvörðunina opinberlega. Að mati Fjármálaeftirlitsins þótti það gefa skýrlega í ljós að félagið hefði getað birt upplýsingarnar fyrir eða að kvöldi hins 17. janúar 2010. Þá

væri mögulegt að eiga viðskipti með hlutabréf eftir lokun markaða. Fjármálaeftirlitið tók því ekki til greina þau rök Bakkavarar að engin viðskipti með hlutabréf félagsins hefðu getað átt sér stað fram að opnun markaða.

Í svörum Bakkavarar varðandi innherjaupplýsingar í frumvarpi að nauðasamningi félagsins var m.a. tekið fram að þegar frumvarpið að nauðasamningi hafi verið lagt fram hafi það skjal ekki aðeins verið áhrifalaust þar til það hefði hlotið nægilegan stuðning kröfuhafa heldur hafi þá einnig átt eftir að ræða frumvarpið, það átt eftir að hljóta samþykki kröfuhafa og auk þess hefði átt eftir að bera ákveðin atriði undir hluthafa félagsins, og síðast fá staðfestingu héraðsdóms. Í þessu ferli væru mörg tækifæri til að breyta frumvarpinu og því gæti birting einstakra efnisatriða frumvarpsins áður en slíkt samþykki fengist verið misvísandi og gæti með sama hætti haft neikvæð áhrif á gengi hlutabréfa félagsins. Taldi félagið að þótt framlagning frumvarpsins sjálfs væri tilkynningarskyld væri félaginu ekki skylt að tilkynna um einstök efnisatriði frumvarpsins á því stigi. Taldi félagið efnisatriði umfram það sem fram kom í tilkynningu félagsins hinn 18. janúar 2010 ekki vera verðmótandi upplýsingar.

Fjármálaeftirlitið féllst ekki á skýringar Bakkavarar um að upplýsingar í frumvarpi að nauðasamningnum hafi ekki verið verðmótandi fyrr en frumvarpið hafði verið samþykkt. Fjármálaeftirlitið taldi efni frumvarpsins vera nægjanlega tilgreindar upplýsingar í skilningi 120. gr. vvl. og vísaði m.a. til þess að grundvöllurinn að nauðasamningnum er lagður fram þegar frumvarpið er lagt fram með beiðninni um nauðasamninginn og að efni frumvarpsins verður oft að þeim nauðasamningi sem síðar kemst á milli aðila, einnig var vísað til ákvæðis 2. gr. reglugerðar. nr. 630/2005 þar sem segir að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað og þeirrar staðreyndar að stuðningur við frumvarpið og þar með efni þess lá fyrir að kvöldi sunnudagsins 17. janúar 2010. Þá taldi Fjármálaeftirlitið að upplýsingar um skiptiverð skuldabréfa í hlutabréf og upplýsingar um vaxtakjör við kröfuhafa félagsins, sem fram komu í frumvarpi að nauðasamningi félagsins, væru innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. vvl. Um væri að ræða breytingar sem líklegar væru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerna Bakkavarar ef opinberar væru, enda upplýsingar sem lytu að verði hlutabréfa Bakkavarar og kjör vaxta sem félagið myndi greiða kröfuhöfum af skuldum sínum og hefðu þar með áhrif á fjárhag félagsins. Fjármálaeftirlitið taldi því að birting upplýsinganna hefði ekki verið misvísandi líkt og Bakkavör hélt fram og hafi borið að birta þær í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl.

Það var mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Bakkavarar hefði brotið gegn 1. mgr. 122. gr. vvl. Í samræmi við 36. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að leggja á félagið stjórnvaldssekt að fjárhæð 5 milljónir króna. Við ákvörðun fjárhæðar var annars vegar tekið mið af því að brot Bakkavarar, um að birta ekki ákvörðun þess um umleitan um nauðasamninga, stóð ekki lengi yfir. Hins vegar var tekið mið af því að Bakkavör birti ekki allar innherjaupplýsingarnar, er fram komu í frumvarpi að nauðasamningnum, en það taldi stjórn Fjármálaeftirlitsins auka við alvarleika brotsins. Þá var litið til samstarfsvilja Bakkavarar sem og sambærilegra mála.